

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

- a. Í a-lið 1. töluliðar 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „1.400“ fjárhæðin „1.800“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
- b. Í b-lið 1. töluliðar 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „500“ fjárhæðin „600“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
- c. Í a-lið 3. töluliðar 1. mgr. komi í stað orðanna „1.000 kr.“ orðin „1.500 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 6.000“.
- d. Í b-lið 3. töluliðar 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „300“ orðin „500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 6.000“.
- e. Í 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „5.000“ fjárhæðin „6000“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

- a. Í 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „12.000“ fjárhæðin „18.000“.
- b. Í 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „3.000“ fjárhæðin „4.500“.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:

- a. Í a-lið 5. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „500“ fjárhæðin „600“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
- b. Í b-lið 5. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „300“ fjárhæðin „400“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
- c. Í a-lið 7. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „400“ orðin „500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 6.000“.
- d. Í b-lið 7. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „100“ orðin „1/9 af gjaldi skv. a-lið 3. töluliðar 6. gr. þó að lágmarki kr. 200 og að hámarki kr. 6.000“.
- e. Í 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „5.000“ fjárhæðin „6.000“.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2001 skulu greiðslur sjúkratryggðra skv. 1. mgr. 8. gr. og lífeyrisþega skv. 3. mgr. 8. gr. vegna heilbrigðisþjónustu teljast til öflunar afsláttar-skirteinis skv. 8. gr. í réttu hlutfalli af þeim fjárhæðum sem giltu fyrir það tímabil (12.000 kr. og 3.000 kr.). Á sama hátt skulu greiðslur sjúkratryggðra skv. 1. mgr. 8. gr. og lífeyrisþega

skv. 3. mgr. 8. gr. vegna heilbrigðisþjónustu á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2001 teljast til öflunar afsláttarskírteinis í réttu hlutfalli af þeim fjárhæðum sem gilda fyrir það tímabil (18.000 kr. og 4.500 kr.). Þegar samanlagt hlutfall skv. 1. og 2. ml. nær 100% veitir það rétt til afsláttarskírteinis skv. 8. gr., sbr. 9. gr., sem gildir til ársloka 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.